

Openu, 16.11.2022

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um dýravelferð

Velferð dýra (bann við blóðmerahaldi) 53. mál, lagafrumvarp 153. löggjafarþing 2021–2022.

Frumvarpið er endurflutt, sjá 15. mál á 152. þingi - velferð dýra.

Sendandi: Agnar Darri Gunnarsson

Netfang: darri.gunnarsson@gmail.com S: 824-4790

Heimilisfang: Vesturgata 10, 220 Hafnarfjörður

Undirritaður styður frumvarp þess efnis að blóðmerahald verði með öllu bannað.

Ég undirritaður er verkfræðingur og starfa sem framkvæmdastjóri í tæknifyrirtæki. Ég hef stundað hestamennsku frá æskuárum, er gæðingadómari og rækta hross.

Undanfarið hefur blóðmerahald verið umfjöllunar í fréttamiðlum. Ljósi hefur verið varpað á starfsemina sem er illa studd rannsóknum, í hróplegu ósamræmi við reglur um aðbúnað dýra og meðferð hesta og stenst engan veginn kröfur um siðferði búskapar. Enn er má taka blóð 8 sinnum úr hverri hryssu. Þess ekki krafist að hryssurnar séu tamdar til að undirgangast þessa þvingun.

Í nýlegri reglugerð um festi ráðherra þessa ósæmileg starfsemi í sessi. Reglugerðin breytti í engu aðstæðum hryssa sem sæta þvingunum við blóðtöku. Með þessu brást ráðherra sýnum minnstu skjólstæðingum þvert á eigin yfirlýsingar um annað.

Við blóðtöku hérlendis er fjarlæggt um 17-19% blóðs vikulega í 8 vikur. Þessi er yfiringilega magntaka er næg og fullkomin ástæða til að stöðva þessa starfsemi.

Matvælastofnun (MAST) og fyrirtækið Ísteka hafa haldið uppi vörnum fyrir búskapinn og vísað til ítrekaðra rannsókna um efnið. Nú er ljóst að íslenskar rannsóknir sem gamlar, illa unnar og haldlitlar. Erlendis hafa verið gerðar margar rannsóknir og eru niðurstöður þeirra samhljóða hvað snertir magn blóðs sem tekið og tíðni blóðtöku. Hérlendis er tekið miklu meira magn og mun oftar en talið er óhætt erlendis. Í ofanálæg er hér um að ræða blóðtöku úr fylfullum hryssum sem ganga með folöldum en slíkt er bannað í löndum sem við berum okkur saman við.

Í grein Rósu Lífur Darradóttur, Blóðmerahald – hvað segja vísindin? Sem birt var á Vísí 16.12.2021, kemur m.a. fram heildarblóðmagn íslenska hestsins hefur verið stórlega ofmetið og talið vera 35-37 lítrar í stað 26-29 lítra. Þetta hefur orðið til þess að hryssum er tekið miklu meira blóð en heilsusamlegt getur talist. Þekking á blóðmagni hrossa er grundvallarforsenda í þessu efni og vanþekking á því til skammar þeim sem að starfseminni koma.

Eftirlit með starfseminni dugir engan vegin til að tryggja sanngjarna meðferð hrossa. Ekki er gerð nauðsynlega krafa um tamningu og því dæmi um að ungar og ótandar hryssur séu hraktar til blóðtöku. Þá eru þær bundnar á meðan blóðtöku stendur. Að hross temjist við þessar aðstæður er fráleitt enda temjast hross ekki við bugun.

PSMG hormónið eftirsóknaverða má framleiða án þess að til komi blóðtaka úr hryssum. Það er einkum notað til að auka frjósemi gylta í þaueldi þar sem frjósemi í gífurleg og grísa dauði mikill. Siðferðislegan grunn blóðmerahalds vantar og augljóst að siðfræðileg rök hníga að því að stöðva skuli starfsemina.

Íslendingar eru hestþjóð. Við eigum okkar hestakyn sem er sérstakt. Hestinn okkar stórkostlega eigum við að virða, vernda, dásama og kynna öðrum þjóðum. Stórmennið Ghandi sagði eitthvað á þá leið að siðferðisstyrk og mikilfengleika þjóðar mætti dæma af því hvernig hún sinnir dýrunum sínum. Tökum mið af því. Blóðmerabúskapur er íslenska hestinum ekki samboðið. Íslendingum ekki heldur.

Ég styð frumvarp um bann við blóðmerahaldi.

Kveðja,

Darri Gunnarsson